

LEIÐBEINANDI REGLUR

fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Í ákvæði til bráðabirgða (IV) með lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum, er fjallað um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlað fólk (NPA). Lögin kveða á um að þróa skuli leiðir til að taka upp NPA með markvissum og árangursríkum hætti. Ráðgert er að NPA verði til framtíðar eitt meginform þjónustu við fatlað fólk.

Verkefnisstjórn um NPA hefur gefið út handbók (Handbók um NPA, 1. útgáfa 10. febrúar 2012) sem ætlað er að vera fyrsta skrefið í innleiðingu á NPA hérlendis. Í handbókinni kemur fram að velferðarráðuneytið muni gefa út leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um það hvernig sveitarfélög og þjónustusvæði standi að því að setja sér reglur um veitingu NPA á grunni handbókarinnar.

Staðið er að útgáfu þessari með vísan til 55. gr. laga um málefni fatlaðs fólks þar sem fram kemur að ráðherra sé heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um framkvæmd þjónustu á grundvelli laganna. Þá sé sveitarstjórnnum heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli laganna og leiðbeinandi reglna ráðherra. Reglur sveitarstjórna skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Enda þótt lög um málefni fatlaðs fólks geri skýrlega ráð fyrir NPA sem þjónustuformi er ekki lögskjilt að sveitarfélög bjóði slíka þjónustu. Sveitarfélög eiga því val um það hvort þau taka þátt í verkefninu á innleiðingartímanum sem reiknað er með að standi til loka árs 2014.

Sveitarfélag sem velur að taka þátt í verkefninu staðfestir ákvörðun sína með því að setja sér reglur um NPA. Sveitarfélög geta sameinast um setningu slíkra reglna innan þjónustusvæðis.

Reglur sveitarfélags eru forsenda fyrir því að NPA-samningar verði gerðir.

Við setningu og framkvæmd reglna sinna skulu sveitarfélög og þjónustusvæði taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og þá hugmyndafræði sem samningurinn byggir á. Í 19. gr. sammingsins er fjallað um rétt fatlaðs fólks til sjálfstæðs lífs og þess að eiga valkosti til jafns við aðra.

Á grundvelli framangreinds gefur velferðarráðuneytið út eftirfarandi leiðbeinandi reglur:

1. gr.

Hverjir eiga kost á NPA.

Reglur sveitarfélaga um NPA sækja stoð sína til laga um málefni fatlaðs fólks. Í bráðabirgðaákvæði IV með lögunum segir að við mat á því hverjum eða hvaða hópi fatlaðs fólks skuli boðin slík þjónusta skuli gæta jafnræðis.

Við setningu reglna sinna þurfa sveitarfélög því að hafa í huga þá almennu meginreglu að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis í lagalegu tilliti, sbr. einnig 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Krafa um jafnræði og samræmi getur haft margvísleg áhrif við setningu og framkvæmd reglna um NPA. Eðlilegt er að færa þjónustu við notendur sem búa í almennu íbúðarhúsnæði yfir í NPA óski notandi þess og að öðrum skilyrðum uppfylltum. Sé um að ræða þjónustu sem notandi fær í hefðbundnu herbergjasambýli, þá gildir sama tilkall til þess að geta sótt um NPA eins og þjónustu á öðrum heimilum. Sveitarfélag getur sett fyrirvara um þann tíma sem slík

breyting gæti tekið vegna þess að hann gæti kallað breytta skipan á rekstrarformi sambýlisins og þá þurfi sveitarfélagið hugsanlega að leita leiða til þess að leggja fram nýtt fjármagn svo þjónustan fullnægi skilyrðum NPA. Slík atriði myndu koma fram í þeirri málsmeðferð sem fylgt er samkvæmt reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010. Einnig er vert að benda á að um þessar mundir vinna sveitarfélög að áætlanagerð í samræmi ákvæði reglugerðarinnar þar sem gert er ráð fyrir afnámi herbergjasambýla. Notendastýrð persónuleg aðstoð er einn þeirra valkosta sem til greina koma í áætlanagerð sveitarfélaga og sem unnar eru innan tímamarka samkvæmt framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Sveitarfélag getur fylgt tilteknum áherslum enda séu þær tilgreindar í reglum þess og forgangsraðað umsóknum á grundvelli málefnalegra sjónarmiða. Til málefnalegra sjónarmiða telst meðal annars að aðstoðin sé skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans. Almennt ætti að horfa til viðmiða sem sett eru fram gagnvart þeim sem taka að sér verkstjórnarhlutverk innan velferðarþjónustu. Mikilvægt er að horfa til þess að notandi getur þurft sérstakan stuðning til þess að starfrækja verkstjórnarhlutverk sitt, eins og rakið er í 8. gr. handbókar um NPA.

2. gr.

Gildissvið reglna sveitarfélags.

Gildissvið reglna sveitarfélags helgast almennt af lögum um málefni fatlaðs fólks. Samspil þeirra laga við önnur lög hafa áhrif á þá útfærslu sem sveitarfélög velja. Hér er einkum vísað til laga um málefni aldraðra sem mæla fyrir um þjónustu við þá sem eru 67 ára og eldri og barnaverndarlaga sem mæla meðal annars fyrir um þjónustu og stuðning við ungmenni á fræðsluskyldualdri.

Grunnreglan er sú að allir þeir sem falla undir lög um málefni fatlaðs fólks geta sótt um NPA. Sveitarfélag getur ákveðið að sú þjónusta sem veitt hefur verið undir öðrum þjónustukerfum verði veitt áfram og gerð að NPA eftir að 67 ára aldri er náð. Hér er átt við að þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks geti haldið áfram þó um breytt form hennar sé að ræða.

Sveitarfélag getur í reglum sínum fjallað sérstaklega um þjónustu við notendur að 18 ára aldri og skal meðal annars horft til þess hvort viðkomandi njóti þegar þjónustu frá sveitarfélagi sem eðlilegt er að færa yfir í NPA.

Gildissvið reglna sveitarfélags er almennt háð meginreglu 5. gr. laganna um lögheimili notanda. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að reglurnar heimili að NPA sé veitt utan sveitarfélags eða erlendis, ef notandi er þar á ferð eða til styttri dvalar sem ekki kallar á lögheimilisflutning.

3. gr.

Þjónustubættir sem NPA tekur til.

Innleiðing NPA gerir ráð fyrir því að sú þjónusta sem notandi hefur fengið sé færð yfir á form NPA (til dæmis liðveisla) enda fari metin stuðningsþörf umfram það sem almennri grunnþjónustu er ætlað að mæta. Þjónustufyrirkomulagið tekur því til allra þátta sem fela í sér þjónustu við fatlað fólk, en af bráðabirgðaákvæði IV leiðir að leggja ber sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti sem geta stutt notanda til sjálfstæðs lífs:

- Félagslega heimaþjónustu.
- Liðveislu.
- Frekari liðveislu.

- Aðstoð skv. II. og III. kafla reglugerðar nr. 1054/2010.
- Ferðapjónustu fatlaðs fólks ef aðstæður gefa tilefni til.

Einnig getur NPA tekið til þjónustupátta sem eru ekki á forræði sveitarfélags, enda hafi ábyrgðaraðili þeirra þátta staðfest kostnaðarhlutdeild sína. Þetta á við um eftirfarandi þjónustupætti:

- Heimahjúkrun (í tilvikum þar sem sveitarfélag er ekki ábyrgðaraðili).
- Atvinnu með stuðningi (AMS) og önnur vinnutengd úrræði.
- Stuðning við nemendur í framhaldsskóla.
- Stuðningur við nemendur á háskólastigi.
- Lengda viðveru í skóla ef aðstæður gefa tilefni til.

Sveitarfélag ber ábyrgð á að afla staðfestinga annarra þjónustuaðila á framlagi þeirra.

Eins og áður er vikið að getur sveitarfélag ákveðið að reglur þess um NPA taki til þjónustu sem veitt er börnum að 18 ára aldri. Þjónustupættir sem í þeim tilvikum koma til álita eru, auk stuðnings í námi og lengdrar viðveru:

- Þjónusta stuðningsfjölskyldna.
- Skammtí mavistun.

Varðandi þessa þætti þarf að vera skýr fyrirvari gagnvart fjölskyldu fatlaðs barns (sem telst notandi í því tilviki) um að þjónustupáttur sé háður því að ábyrgðaraðili þjónustunnar hafi staðfest kostnaðarhlutdeild sína, ef við á. Þá er frá því gengið í samkomulagi um úthlutun á vinnustundum að fjölskylda notanda falli frá tilkalli til þjónustupátta (til dæmis liðveislu) sem falla inn í NPA. Greiðslur til framfærslu (þ.m.t. fjárhagsaðstoð sveitarfélags) og bætur hvers konar (þ.m.t. húsaleigubætur, almennar og sérstakar) teljast ekki til þjónustupátta og ættu í öllum tilvikum að falla utan gildissviðs reglna sveitarfélaga um NPA, sbr. 2. gr.

4. gr.

Umsókn um úthlutun vinnustunda.

Í handbók um NPA er gengið út frá því að fyrsta skrefið í meðferð einstakra NPA-mála sé móttaka skriflegrar umsóknar frá notanda um úthlutun vinnustunda.

Reglur sveitarfélags þurfa að vera skýrar um að það hvert umsóknir eigi berast, en eðlilegt er jafnframt að sveitarfélag láti útbúa umsóknareyðublað. Sé umsóknareyðublað útbúið ætti að koma fram á því útdráttur úr lögum um málefni fatlaðs fólks sem taki til 5. gr. laganna og ákvæðis til bráðabirgða (IV). Enn fremur sé þar vísað til handbókar um NPA. Jafnframt er rétt að taka fram á umsóknareyðublaði að um þróunarverkefni sé að ræða og að NPA sé ekki orðið lögbundið.

Þegar umsókn er móttækin af hálfu sveitarfélags fer fram grunnathugun á því hvort skilyrði séu uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar. Berist umsókn sem heyrir undir annað sveitarfélag, til dæmis vegna lögheimilisflutnings, ber sveitarfélagi að framsenda umsóknina og gögn sem henni fylgdu, sbr. 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga. Enn fremur skal upplýsa umsækjanda um að erindið hans hafi verið framsent.

5. gr.

Gagnaöflun.

Í reglum skal tilgreint hvaða gögn skulu liggja fyrir ásamt umsókn auk þess sem taka ber fram að heimilt sé að afla frekari gagna vegna meðferðar á umsókn. Meginreglur um vernd persónuupplýsinga eiga við um öflun viðbótargagna, meðal annars að upplýsingar séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er út frá tilgangi umsóknar.

Meðal gagna sem hér um ræðir eru:

- Yfirlit um greiðslustöðu hjá tollstjóra ef notandi er sjálfur umsýsluaðili.
- Staðfesting á lögheimili.
- Örorkumat eða umönnunarmat.

Sérstaklega þarf að fjalla um gagnaöflun um þjónustu sem NPA getur tekið til en þar sem sveitarfélag er ekki ábyrgðaraðili, sbr. 3. gr. Í mörgum tilvikum er nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir við heildstætt mat skv. 6. gr., meðal annars að hvaða marki NPA geti komið í stað heimahjúkrunar.

6. gr.

Heildstætt mat.

Mikilvægt er að þeir sem annast mat af hálfu sveitarfélags hafi þekkingu á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf sem býr að baki NPA-þjónustuformi. Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar, sbr. 4. gr., fer fram heildstætt mat á því hvernig NPA getur komið til móts við þörf umsækjanda fyrir þjónustu. Í reglum sveitarfélags þarf að koma fram hvaða sjónarmið eru lögð til grundvallar matinu, en almennt er gert ráð fyrir að matið sé í höndum teymis fagfólks sem sveitarfélög starfrækja á grundvelli 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Samráð við einstaklinginn og ráðgjafa sem hann kýs að hafa með sér í matsferlinu er lykilatriði í hinu heildstæða mati enda byggist meðferð NPA-umsóknar í ríkum mæli á sjónarmiðum um hvernig stýra megi opinberri þjónustu með samningum. Þá er það sérstaða NPA-þjónustuformsins að skapa fötluðu fólki aðstöðu til að öðlast vald yfir eigin lífi og þannig búa við sjálfstæði. Reglur sveitarfélags þurfa að styðja við bæði þessi atriði og skapa ramma um þær væntingar sem umsækjandi hefur til NPA og hvernig mögulegt sé að mæta þeim. Reynsla í þessu efni mun í mörgum tilvikum verða tilefni til breytinga á reglum, sbr. endurskoðunarákvæði í 14. gr.

Niðurstöður hins heildstæða mats fela ekki í sér eiginlega stjórnvaldsákvörðun og því þurfa reglur sveitarfélags ekki að gera ráð fyrir kæruleiðum á því stigi máls. Notandi getur hins vegar óskað eftir endurskoðun á niðurstöðum matsins og rétt er að gera ráð fyrir þeim möguleika í reglum.

7. gr.

Samkomulag um fjölda vinnustunda.

Í reglum hvers sveitarfélags þarf að vera ramma um það skref í málsmeðferðinni sem tekur við þegar niðurstöður úr heildstæðu mati liggja fyrir, sbr. 6. gr. og ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010. Er hér um að ræða undirbúning og gerð samkomulags um fjölda vinnustunda.

Samkomulag mælir fyrir um fjölda vinnustunda að meðaltali á mánuði. Úthlutun vinnustunda tekur til tilgreinds tímabils.

Eðlilegt er að reglur sveitarfélags tilgreini almenn tímamörk varðandi undirbúning samkomulags, til dæmis að miðað sé við að samkomulag hafi náðst innan tveggja mánaða frá því að niðurstöður mats liggja fyrir.

Enn fremur þarf að tilgreina í reglum að notandi hafi ráðrúm til að leita sér aðstoðar í samkomulagsferlinu frá réttindagæslumönnum eða eftir atvikum persónulegum talsmönnum. Ástæða kann að vera til þess að tiltaka í reglum ákveðin atriði sem varða jafnræði milli umsækjenda, meðal annars aðgang að almennum upplýsingum um NPA-samninga sem sveitarfélagið hefur gert, til dæmis fjölda NPA-samninga og heildargreiðslur samkvæmt þeim. Með sama hætti þurfa reglur sveitarfélags að halda því til haga ef notanda getur staðið til boða að gera annars konar samninga sem ekki verða felldir undir NPA, svokallaða beingreiðslusamninga sem sum sveitarfélög hafa gert við notendur.

Reglur sveitarfélaga ættu almennt ekki að þurfa að vera ítarlegar um efni samkomulags, enda er rammi settur um það í handbók um NPA. Leiði viðræður aðila – sveitarfélags og notanda – hins vegar ekki til samkomulags um NPA, verður þjónustan óbreytt eins og áður eða leiðir eftir atvikum til samnings um annað fyrirkomulag þjónustu. Reglurnar sveitarfélagsins þurfa að vera skýrar um að þær málalyktir séu skjalfestar og rökstuddar.

Þótt máli ljúki án samkomulags er sjaldnast um að ræða að sveitarfélag taki eiginlega stjórnvaldsákvörðun í þá veru. Ekki er þó hægt að útiloka að málalyktir verði taldar ígildi stjórnvaldsákvörðunar, sérstaklega ef einhver atriði í viðræðunum hafa ráðist af því að sveitarfélag hafi beitt einhliða stjórnsluvaldi. Í þeim tilvikum þurfa reglur sveitarfélags að gera ráð fyrir því að farið sé með málið eftir því sem mælt er fyrir í 5. gr. a laga um málefni fatlaðs fólks (kæruleiðbeiningar, kærufrestur o.fl.). Sú staða myndi hins vegar heyra til undantekninga, enda fái notandi eftir sem áður þjónustu skv. 5. gr. laganna. Það að aðilum hafi ekki tekist að ná saman um fjölda vinnustunda er ekki sjálfkrafa ávísun á kæru vegna synjunar á rétti til þjónustu.

8. gr.

Val milli leiða.

Eins og fram kemur í handbók um NPA á notandi val milli tveggja leiða um framkvæmd NPA eftir að gert hefur verið samkomulag um fjölda vinnustunda, sbr. 7. gr.:

- a. Að leita til sjálfstæðra aðila um að styðja notendur við ráðningu aðstoðarfólks og við að annast umsýslu vegna þeirra. Notandi gerir einstaklingssamning um NPA við þann aðila en til eru fyrirmyndir um slíka samninga á heimasíðu NPA verkefnisins <http://www.velferdarraduneyti.is/npa>. Rennur þá umsýslukostnaður til þess aðila og aðstoðarmenn fara á launaskrá hjá þeim aðila. Hinn sjálfstæði aðili verður áður að hafa undirritað samstarfssamning við sveitarfélag eða þjónustusvæði um að hann taki að sér slíka þjónustu með tilheyrandi skyldum á grundvelli starfsleyfis.
- b. Að annast sjálfur leit að aðstoðarmönnum, ráðningu þeirra og umsýslu vegna þeirra. Er þá gerður einstaklingssamningur um NPA milli notandans og sveitarfélags og rennur umsýslukostnaður til notandans.

Sú leið kann einnig að vera fær að sveitarfélag annist umsýslu NPA (sjá nánar álit Sambands íslenskra sveitarfélaga á vef NPA verkefnisins <http://www.velferdarraduneyti.is/npa>).

Þar sem notandi hefur forræði á valinu þarf ekki að fjalla ítarlega það um í reglum sveitarfélags en taka ber þó afstöðu til þess hvernig sveitarfélagið veitir notanda ráðgjöf í þessu ferli, sé þess óskað.

9. gr.

Fjárhagslegt fyrirkomulag.

Reglur sveitarfélagsins skulu kveða skýrt á um það fjármagn sem fylgir hverri umsáminni vinnustund. Samkvæmt handbók um NPA er gengið út frá því að fyrir hverja vinnustund séu að jafnaði greiddar 2.800 kr. Ef einungis er um dagvinnu að ræða þá lækkar fjárhæðin. Fjárhæð þessi sem ákveðin er fyrir árið 2012 kemur til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Fjárhæðin skiptist þannig að stærstur hluti hennar, eða 85%, stendur undir launakostnaði aðstoðarmanna. Til þessarar fjárhæðar telst allur kostnaður sem hlýst af vinnuframlagi aðstoðarmanns, þ.m.t. orlof, tryggingagjöld, afleysingar og greiðslur í þá sjóði og til þeirra félaga sem lög gera ráð fyrir.

Af fjárhæðinni standa 10% undir umsýslukostnaði sem telst vera:

- Kostnaður vegna auglýsinga eftir aðstoðarfólki.
- Kostnaður vegna skoðunar umsókna og mats á þeim.
- Þjálfunarkostnaður á reynslutíma er varðar öryggismál og aðra fræðslu til notanda og aðstoðarmanna.
- Vinna að skipulagi og framkvæmd NPA og handleiðslu aðstoðarmanna.
- Útveggun starfsmanna vegna afleysinga og forfalla.
- Umsýsla með viðveru aðstoðarfólks.
- Bókhald, endurskoðun og ársuppgjör ef við á.

Þá skal 5% fjárhæðarinnar, eða 141 kr., af hverri vinnustund vera greiðsla til notanda til að mæta útlögðum kostnaði sem hlýst af því að aðstoðarmaður fylgir notanda í lífi og starfi.

10. gr.

Eftirfylgni og eftirlit við framkvæmd.

Mikilvægt er að reglur sveitarfélags beri skýrlega með sér að notandi geti sótt um undanþágur frá einstökum ákvæðum þeirra eða að víkja megi frá reglunum við tilteknar aðstæður. Meðal þess sem hér getur reynt á eru ákvæði um ráðningu aðstoðarmanna og starfsmannahald.

Í handbók um NPA er settur fyrirvari við það að nánir ættingjar séu ráðnir aðstoðarmenn þeirra sem eru yfir 18 ára aldri. Í öllum slíkum tilvikum ber sveitarfélagi að ganga úr skugga um að notandi hafi samþykkt að náinn ættingi sé ráðinn aðstoðarmaður hans. Þessa könnun getur sveitarfélag útfært í samstarfssamningi þess við sjálfstæðan umsýsluaðila.

Telji sveitarfélag að ráðning sé almennt vandkvæðum bundin, þrátt fyrir samþykki notanda, getur það beint því til hlutaðeigandi notanda eða umsýsluaðila að leita annarra ráðningarkosta.

Þá getur sveitarfélag útfært fyrirvarann í reglum sínum með almennu ákvæði um að ekki megi ráða náinn ættingja sem aðstoðarmann eða ráðstafa fjármagni NPA-samnings til hans ef gera má ráð fyrir því að aðrir kostir nýtist notendum betur til að öðlast sjálfstætt líf. Skilyrði fyrir því að sveitarfélag velji þessa útfærslu er að reglur þess kveði skýrt á um undanþágur.

Æskilegt er að reglur sveitarfélags veiti yfirlit um þau atriði sem notandi getur sótt um undanþágu vegna. Að öllu jöfnu myndu undanþágur varða einstök atriði en reglur ættu hins vegar ekki að gera ráð fyrir því að víkja megi frá gildissviði reglnanna, til dæmis þannig að tilteknir þjónustubættir, sbr. 3. gr., séu í sumum tilvikum hluti af NPA en í öðrum ekki. Að öðru leyti fer um eftirlit og eftirfylgd með framkvæmd samkvæmt þeim samningum sem gerðir eru. Fyrirmyndir að slíkum samningum eru á vef velferðarráðuneytisins.

11. gr.

Stöðumat.

Samningar liggja til grundvallar NPA sem þjónustuform og því þurfa reglur sveitarfélags að tilgreina hvernig staðið er að stöðumati aðstoðar og viðbrögðum við því ef veruleg breyting verður á tilteknum grundvallarforsendum samninga.

Almennt ættu reglur sveitarfélaga að miða við að stöðumat eigi sér stað 12–16 vikum eftir að NPA-samningur kemur til framkvæmda. Markmið þessa mats er að kanna hvernig þjónustuformið nýtist notanda og hvort það skili tilætluðum árangri.

Endurmat á stuðningsþörf notanda og inntak vinnustundafjölda samkvæmt samkomulagi þar að lútandi ætti að framkvæma að minnsta kosti einu sinni á ári og oftast ef ástæða er til. Eðlilegt er að fram komi í reglum sveitarfélags að breytingar á aðstæðum notanda geti leitt til endurmats á stuðningsþörf samkvæmt nánari skilmálum í NPA-samningi. Gert er ráð fyrir að notandi skuldbindi sig til þess í samkomulagi um vinnustundir að tilkynna sveitarfélagi um þær breytingar á aðstæðum sínum sem varðað geta framkvæmd NPA, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um lögheimilisflutning.

Samstarfssamningur milli umsýsluáðila og sveitarfélags er í flestum tilvikum forsenda NPA-samnings. Af þeirri ástæðu þarf að koma fram í reglum sveitarfélags að vanefndir á samstarfssamningi geti leitt til uppsagnar hans og að ef slík uppsögn kemur til framkvæmda leiði það til þess að samhliða falli úr gildi allir NPA-samningar sem gerðir hafa verið á grundvelli þess samstarfssamnings. Þannig lýkur NPA-samningunum sjálfkrafa nema um annað hafi verið samið við notanda. Sveitarfélagi ber hins vegar áfram skylda til þess að tryggja notanda þá lögbundnu þjónustu sem hann á rétt á og skal sjá til þess að samningslokin valdi eins lítilli röskun á þjónustu og frekast er mögulegt.

Hafi lögaðili áhuga á að veita þjónustu í samræmi við reglur sveitarfélags um NPA skal hann hafa gilt starfsleyfi. Þessi áskilnaður gildir um öll rekstrarform, þar á meðal sjálfseignarstofnanir og samvinnufélög. Velferðarráðuneytið setur reglugerð um starfsleyfisskilyrði á grundvelli 6. gr. a laga um málefni fatlaðs fólks. Uppfylli lögaðili starfsleyfisskilyrðin er gerður samstarfssamningur milli hans og sveitarfélagsins.

Komi til þess af einhverri ástæðu að starfsleyfi falli úr gildi, falla samhliða niður öll réttindi og skyldur samkvæmt samstarfssamningi og hefur það sömu áhrif eins og um tafarlausa uppsögn eða riftun samnings væri að ræða.

12. gr.

Leiðbeiningarskylda og tengd atriði.

Í reglum hvers sveitarfélags skal tilgreint að starfsmenn þess veiti umsækjendum aðstoð við umsóknir um NPA og liðsinni notendum við framkvæmdina eftir því sem unnt og um er beðið.

Við meðferð umsókna skulu starfsmenn sveitarfélags veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Jafnframt ber að veita upplýsingar um skattaleg atriði, meðal annars í hvaða reit á skattaframtali eigi að færa greiðslur sveitarfélags vegna NPA-samninga.

Reglur sveitarfélags um NPA samkvæmt þessum leiðbeiningum skal birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 55. gr. laga um málefni fatlaðs fólks.

13. gr.

Upplýsingagjöf sveitarfélags til ráðuneytis vegna reynsluverkefnis.

Í lögum er skýrt kveðið á um að ráðherra fari með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks og hafi eftirlit með að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga og annarra aðila samkvæmt lögum sé í samræmi við markmið laganna, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og að réttindi fatlaðs fólks séu virt. Hluti af skyldum ráðherra er að safna og miðla upplýsingum til að tryggja sambærilega þjónustu við fatlaða einstaklinga. Ráðherra skal gera tillögur til sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu þar sem þess er þörf og stuðla að samræmingu hennar. Enn fremur skal ráðherra hafa umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og að höfðu samráði við heildarsamtök fatlaðs fólks. Ljóst er að sú skylda ráðuneytisins að safna upplýsingum til að geta sinnt eftirlitshlutverki á við alla þjónustu við fatlað fólk, hvort sem um reynsluverkefni er að ræða eða aðra þjónustu. Það er skýrt að sveitarfélögum ber að sinna innra eftirliti með framkvæmd þjónustunnar en í því felst meðal annars að sveitarfélögin hafi eftirlit með framkvæmd þeirra samninga sem þau gera við rekstrar- og þjónustuaðila um framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Það hvílir sama upplýsingaskylda á sveitarfélögum gagnvart ráðherra hvort sem þjónustan er veitt af sveitarfélagi eða framseld til þriðja aðila.

14. gr.

Endurskoðun reglna.

Mælst er til þess að reglur sveitarfélags um innleiðingu NPA séu endurskoðaðar innan árs frá því að sveitarfélag setur þær. Enn fremur ætti að endurskoða reglurnar þegar tilefni gefst til og eftir því sem reynsluverkefninu vindur fram.

Tilvísanir

Handbók um NPA, 1. útgáfa 10. febrúar 2012.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, undirritaður af Íslands hálfu þann 30. mars 2007.

Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Lög nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna, útgefnar 24. janúar 2012.

Reglugerð um starfsleyfisskilyrði [í vinnslu].

Fyrirmyndir að samningum um NPA er að finna á <http://www.velferdarraduneyti.is/npa>